

1872.

1. ágúst.

74. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi, um tilkall prestsekkju til hlutdeildar í tekjum af brauði.

Með bréfi, dagsettu 3. júním. þ. á., hafið þér, herra stiptyamtmaður og þér, háæruverðugi herra, sent hingað aptur með álitni yðar skjal nokkurt, þar sem sóknarpresturinn að Laufási, Björn prófastur Halldórsson, hefir borið undir úrslit stjórnarráðsins þessar spurningar:

1. hvort ekkja prófasts sira Halldórs Björnssonar að Sauðanesi eigi tilkall til nokkurs hluta af ágóðanum af prestssetrinu á fardagaárinu 1870—71, og ef svo sje, þá hve mikill þessi hluti verði, og

2. eptir hverjum reglum eptirlaunin af ágóðanum af prestssetrinu skuli talin frá fardögum 1871.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, eins og hér skal sagt:

um 1. þareð eigi verður álitid, að gjörð sè með hinum almennu ákvörðunum í tilskipun, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi, 15. desbr. 1865, 5. grein, um eptirlaun prestsekkna, nokkur breyting á hinum sèrstaklegu reglum, sem tilskipun 6. janúar 1847, um fardaga presta á Íslandi, 5. grein¹⁾ hefir inni að halda um það, sem prestsekkjum ber á árinu frá næstu fardögum eptir andlát prestsins til fardaga árið eptir, á ekkja Halldórs prófasts Björnssonar, sem andaðist 13. júní 1869, eigi tilkall til neins hlutar ágóðans af prestssetrinu á fardagaárinu 1870—71.

um 2. Stjórnarráðið verður að vera stiptyfirvöldunum samdóma í því, að telja eigi eptirlaun prestsekkjunnar frá fardögum 1871 eptir mati því á tekjum kallsins, sem var í gildi við andlát manns hennar, sem er brauðamatsgjörðin frá 1853, þannig að hún fái $\frac{1}{12}$ af hinum vissu tekjum Sauðaness prestakalls, að með töldum ágóðanum af prestssetrinu, samkvæmt tilskipun 15. desbr. 1865, 5. grein, og á þann hátt, að presturinn í kallinu

¹⁾ Lovsamling for Island, XIII., 571.

greiði henni þann hluta, sem henni ber, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. kafla tæðrar greinar.

1872.

1. ágúst.

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um tvö ríkis skuldabréf í vörzlum hins almenna skólasjóðs¹⁾.

3. ágúst.

Þegar verið var að semja svör til athugasemda þeirra, sem gjörðar höfðu verið við endurskoðun ríkisreikninganna fyrir 1870—71, 8. gr., „tekjur af Færeyjum og Íslandi“, var tekið eptir því, að hinn almenni skólasjóður (ríkisins) hafði í vörzlum sínum tvö ríkisskuldabréf, annað uppá 500 rd. og hitt uppá 109 rd. 42 sk., sem heyrðu til eigna hins fyrveranda Hóla stiptis, en leigunum hafði árlega verið varið til að borga uppí skyndilán þau, sem veitt voru úr hinum almenna skólasjóði til hinna æðri kennslustofnana á Íslandi á árunum 1844—48. Eins og kirkju og kennslustjórninni mun kunnugt, voru tæð skuldabréf nokkur hluti af sjóði þeim, sem talinn var tilheyrandi skólanum á Íslandi, og sem samkvæmt konungsúrskurði 2. maí 1845²⁾ skyldi ganga til að borga uppí skyndilán, sem veitt voru úr hinum almenna skólasjóði til þess að byggja upp tæðan skóla og koma honum í gang. Í stað þess að selja þessi tvö skuldabréf til þess að borga uppí skuldina, áleit háskólastjórnin réttast að láta það bíða, að gjöra nokkra ákvörðun um það, þangað til öll skuldaskipti yrði útkljáð, og jafnframt og skuldabréfin voru geymd, voru leigurnar af þeim árlega hafðar til þess að borga uppí það, sem eptir stóð af skuld-

¹⁾ Í bréfi 3. octbr. þ. á. lýsti kirkju og kennslustjórnin því yfir, að hún væri samdóma dómsmálastjórninni um þetta mál, og að hún muni gjöra ráðstöfun til, að fæ það, sem skuldabréfin hljóða uppá, verði fengið í hendur dómsmálastjórninni.

²⁾ Lovsamling for Ísland, XIII., 241.